

39. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 6. sept. 2006

Haldinn kl. 12-13 í húsnæði VGK við Laugarveg.

Mætt: María, Helga, Ragna, Bjarni Reyur og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt. Bjarni ætlar að setja aðalfundargerðina inn á netið og biðja Þórunni Sveinbjarnardóttur um að senda okkur skýrslu stjórnar svo hægt verði að setja hana inn á netið líka.

Fréttir frá Barnaheill

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdarstjóri Barnaheilla, er búin að fara á fund með Peter Wood, sem vinnur hjá sömu samtökum í Noregi. Hún tók þar upp fyrirspurn okkar um nánara samstarf Barnaheills í Uganda við starfsemi CLF. Ekki var hægt að verða við þeirri ósk okkar þar sem Barnaheill í Uganda, sem stýrð er frá Noregi, leggur alla áherslu á Norður-Uganda. Árni Magnússon, formaður stjórnar Barnaheilla á Íslandi, lítur samt starfsemi CLF jákvæðum augum. Petrína ætlar einnig að tala við David Right hjá Barnaheillum í Uganda.

Ræddir voru ýmsir aðrir möguleikar í stöðunni. T.d hvort íslenskur eftirlitsaðili í Uganda geti e.t.v. fylgt starfsemi CL eftir í stað Barnaheilla. Ákveðið að kanna hvort Ágústa, forstöðukona Þróunarsamvinnustofnunar í Uganda, þekki einhvern aðila sem gæti tekið að sér þetta hlutverk. Þessi aðili yrði tengiliður okkar í Uganda og myndi að einhverju leiti geta sinnt því starfi sem Erla sinnti á sínum tíma í Uganda. Hann myndi vera fulltrúi Alnæmisbarna hjá CL, vera Rosett innan handar við framkvæmd ýmissa þátta út frá markmiðum okkar t.d. gerð fjárhagsáætlunar og fylgjast með aðstæðum og framgöngu stelpnanna fyrir okkar hönd. Einnig viljum við kanna hvort meiri tenging við framhaldsskólann Kitetika, sem stelpurnar í CL sækja, geti verið heppileg lausn en skólastjóri skólans hefur list áhuga á nánara samstarfi við CL. Rætt var líka um að tala við UNIFEM áður en farið verður til Uganda til þess að kann mögulega aðstoð þeirra við eftirfylgni stúlkanna eftir að skólagöngu þeirra og vinnu lýkur.

Umsókn til ÞSSÍ

Þurfum bráðlega að senda umsókn til ÞSSÍ aftur. Ákveðið að byggja á upplýsingum úr fyrri umsókn en uppfæra hana. Ætlum að nálgast nýjar tölur frá Hildi um fjölda stúlkna o.þ.h. og skrifa hvernig staðan er í dag hvað varðar samstarf við samtök eða aðila í Uganda um starfsemina. Sigurlaug ætlar að kanna frestinn.

Markmiðslýsing fyrir menntun og eftirfylgni við CL-stúlkur

Ragna ætlar að setjast niður með Gestu eftir 18. sept. og leggja lokahönd á þetta.

Samtal við Sigríði Baldursdóttur

Hún kemur til Íslands fyrir jólin, en þá verður stefnt að því að halda félagsfund. Ragna ætlar að ná í disk með myndum frá CL, Kampala heima hjá mömmu hennar til að setja inn á netið.

Heimasíða og gjaldkeraskipti

Bjarni ætlar að setja upp nýja heimasíðu til þess að auðvelda stjórnarmeðlimum að setja inn gögn á heimasíðuna. Sigurlaug getur þá t.d. jafnóðum sett inn samþykktar fundargerðir og Hildur reglulega uppfært tölur um fjölda stúlkna og starfsemina. Helga verður ritstjóri síðunnar. Bjarni tekur við gjaldkeraembættinu seinni partinn í september.

Félagsfundur að hausti

Ákveðið að halda félagsfund eftir að María og Gestur koma frá Uganda. Það kemur vel til greina að slá fræðslu Sigríðar Baldursdóttur og frásögn Maríu og Gestu um heimsókn þeirra til Uganda saman á desemberfundi.

Jólakortasjóður ISOR

Ekki rætt en fundarmeðlimir hvattir til þess að kanna hvort samtök, félög og fyrirtæki séu til í að styrkja starfsemi okkar.

Næsti fundur

Næsti fundur verður fimmtudaginn 28. sept. kl. 12 hjá Maríu, í húsnæði Samorku.

Gestur verður einnig boðaður á þennan fund.

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar